



# Umhverfis- og auðlindaráðuneyti Ýmis verkefni

**Ríkisendurskoðun**

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019



Desember 2020

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings fjárlagaliðar 14-190 Ýmis verkefni fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi fjárlagaliðarins og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun veur athygli á því að stjórnendur ráðuneytis eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu sem rekja má til Covid-19 fór gagna- og upplýsingaöflun vegna endurskoðunar ársins 2019 eingöngu fram í gegnum fjarfundi og með rafrænum hætti.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Fjárlagaliður 14-190 Ýmis verkefni hefur ekki verið skoðaður sérstaklega undanfarin ár.

# Efnisyfirlit

Inngangur .....	2	5	Endurskoðun efnahagsliða .....	11
1 Ábendingar og athugasemdir .....	4	5.1 Eignir .....	11	
2 Fjárveiting og rekstur .....	5	5.2 Eigið fé og skuldir .....	11	
2.1 Fjárveitingar .....	5	5.3 Niðurstöður/ábendingar .....	11	
2.2 Rekstraráætlun .....	6	6 Önnur atriði .....	12	
2.3 Niðurstöður/ábendingar .....	6	6.1 Samþykkt ársreiknings .....	12	
3 Innra eftirlit .....	7	6.2 Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12	
3.1 Inngangur .....	7	6.3 Lögfræðibréf .....	12	
3.2 Umfjöllun .....	7	6.4 Óhæðisyfirlýsing .....	12	
3.3 Niðurstöður/ábendingar .....	7			
4 Endurskoðun rekstrarliða .....	8			
4.1 Rekstrartekjur .....	8			
4.2 Rekstrargjöld .....	8			
4.3 Niðurstöður/ábendingar .....	10			

# 1 Ábendingar og athugasemdir

Endurskoðun fjárlagaliðar 14-190 Ýmis verkefni er án athugasemda. Bent er á að tryggja þarf að rekstraráætlun fjárlagaliðar skili sér að fullu í Orra.

## 2 Fjárveiting og rekstur

### 2.1 Fjárveitingar

Fjárveiting í fylgiriti með fjárlögum ársins 2019 nam 1.951,6 m.kr. vegna fjárlagaliðar 14-190 Ýmis verkefni. Fjárlagaliðurinn fellur undir eftirfarandi málaflokka:

*17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.* Fjárveitingu á fjárlagaliðnum er skipt niður á þrjú viðfangsefni:

- Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
- Skógræktarfélag Íslands
- Vernd Breiðafjarðar.

Fjárveiting skiptist þannig að 9,8 m.kr eru vegna rekstrarframlaga og 910,5 m.kr. eru vegna rekstartilfærslna.

*17.50 Stjórnsýsla umhverfismála.* Fjárveitingu á fjárlagaliðnum er skipt niður á fjögur viðfangsefni:

- Áætlun um vernd og nýtingu landsvæða
- Loftslagssjóð
- Alþjóðastofnanir
- Styrkir, framlög og verkefni

Fjárveiting skiptast þannig að 483,9 m.kr. er vegna rekstrarframlaga og 547,4 m.kr. er vegna rekstrartilfærslna.

#### 2.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting samkvæmt fylgiriti fjárlaga ársins 2019 nam 1.951,6 m.kr., en 493,7 m.kr. eru vegna rekstrarframlaga og 1.457,9 m.kr. eru vegna rekstrartilfærslna. Til viðbótar kom 10,0 m.kr. millifærsla af ráðstöfunarlið ríkisstjórnar til fræðsluþáttaraðarinnar „Hvað getum við gert?“, 1,5 m.kr.

millifærsla af fjárlagalið 14-998 Varsjóðir málaflokka á viðfang „Vernd Breiðfjarðar“ vegna neikvæðrar stöðu í árslok, 2,8 m.kr. millifærsla af fjárlaglið „Ráðstöfunarfé“ til gjaldfærslu þar sem styrkir eru veittir samkvæmt ákvörðun ráðherra og 9,7 m.kr voru færðar af fjárlagaliðnum í varasjóð. Endanleg fjárveiting ársins 2019 nam því 1.956,2 m.kr., en 485,5 m.kr eru vegna rekstrarframlaga og 1.470,7 m.kr. eru vegna rekstrartilfærslna.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2018:

**Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019**

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Rekstrartekjur	-	-67.197	-67.197	-8.000
Launagjöld	144.100	35.223	-108.877	18.159
Rekstrargjöld	341.400	242.414	-98.986	90.931
Rekstrartilfærslur	1.470.700	1.847.559	376.859	932.933
Aðrar tilfærslur	0	71	71	2.200
<b>Samtals</b>	<b>1.956.200</b>	<b>2.058.071</b>	<b>101.871</b>	<b>1.036.222</b>

Rekstrargjöld fjárlagaliðarins námu 2.058,1 m.kr. eða 101,9 m.kr. hærri en fjárveiting ársins en óráðstöfuð fjárheimild frá fyrra ári nam 216,5 m.kr. Rekstrartekjur hækka um 59,2 m.kr. frá fyrra ári, launagjöld hækka um 17,1 m.kr. rekstrargjöld hækka um 151,5 m.kr. og rekstartilfærslur 912,5 m.kr. frá árinu 2018.

## 2.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til gerðar rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun fjárlagaliðar 14-190 Ýmis verkefni var ranglega lesin inn í Orra úr Akra áætlunarkerfinu og gerði ráð fyrir 3.250,1 m.kr. halla en tekjuhalli árið 2019 var 101,9 m.kr.

## 2.3 Niðurstöður/ábendingar

Tekjuhalli ársins 2019 nam 101,9 m.kr. en 6,5 m.kr. framlag á lokafjárlögum lækkaði hallann í sem nemur 95,4 m.kr. sem kemur til lækkunar höfuðstóls. Ríkisendurskoðun bendir á að bæta þarf innlestur rekstraráætlunar í Orra.

Fara þarf yfir innlestur úr Akra áætlunarkerfinu í Orra þannig að tryggt sé að rekstraráætlun skili sér að fullu inn í Orra og hægt sé að nota rekstraráætlunina við samanburð á áætlun og raunútgjöldum innan ársins

## 3 Innra eftirlit

### 3.1 Inngangur

Ráðuneytisstjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber samkvæmt lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 3.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti umhverfis- og auðlindaráðuneytis voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla. Haldið er utan um fjárlagaliðinn á skrifstofu fjármála og rekstrar en mikil samskipti eru við aðrar skrifstofur ráðuneytis varðandi rekstur liðarins. Samningar eru almennt gerðir um ráðstöfun af liðnum og undirritaðir af ráðuneytisstjóra og ábyrgðaraðilar fagskrifstofa tilgreindir þar sem það á við. Skrifstofa fjármála og rekstrar gengur frá greiðslubeiðnum í samræmi við samningsfjárhæðir en ef að greiðsla er háð skilum á gögnum þá er kallað eftir áritun eða heimild. Ráðuneytisstjóri og staðgengill hans auk skrifstofustjóra fjármála og rekstrar ásamt staðgengli hans samþykkja greiðslur af liðnum. Flestar afgreiðslur eru á grundvelli samninga en einnig er um að ræða verkefna- og rekstrarstyrki sem hafa verið auglýstir.

Við endurskoðun var úrtak fylgiskjala og skráningu afgreiðslu skoðað og var ekki annað séð en að farið væri eftir skráðum verkferlum, skráningu og skjölun gagna að metnaði. Reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Skipurit er til fyrir ráðuneytið.

### 3.3 Niðurstöður/ábendingar

Endurskoðun á virkni innra eftirlits umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna fjárlagaliðarins er án ábendinga.

## 4 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2019

Í þús. kr.	2019	2018	Breyting
<b>Tekjur</b>			
Fræðslu- og fundagjöld	4.326	0	4.326
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu	2.871	0	2.871
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	60.000	8.000	52.000
<b>Alls tekjur</b>	<b>67.197</b>	<b>8.000</b>	<b>59.197</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	35.223	18.159	17.064
Annar rekstrarkostnaður	7.921	3.165	4.756
Aðkeypt þjónusta	234.493	87.766	146.727
Til ríkisstofnana A-hluta	1.436.745	747.318	689.427
Til sveitarfélaga	165.618	6.100	159.518
Til fyrirtækja og atvinnuvega	100	1.050	-950
Til einstaklinga, samtaka og heimila	223.169	151.974	71.195
Til erlendra aðila	21.999	28.690	-6.692
<b>Alls gjöld</b>	<b>2.125.267</b>	<b>1.044.222</b>	<b>1.081.045</b>
Framlag ríkissjóðs	1.956.200	1.197.000	759.200
Rekstrarafkoma	-101.871	160.778	-262.648

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2019 námu útgjöld að frádregnum rekstrartekjum 2.058,1 m.kr. sem er 101,9 m.kr. umfram fjárveitingu ársins. Um töluverða hækkun er að ræða frá fyrra ári en þá námu útgjöld umfram rekstrartekjur 1.036,2 m.kr. sem var 160,8 m.kr. innan fjárveitinga þess árs, sjá nánar meðfylgjandi töflu.

### 4.1 Rekstrartekjur

Fræðslu- og fundargjöld eru endurgreiddur kostnaður vegna norrænna samráðsfunda.

Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu er greiðsla frá utanríkisráðuneyti vegna formennsku í Norrænu ráðherranefndinni.

Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana eru framlög vegna Byggðaáætlunar sem námu 30 m.kr. og voru vegna áranna 2018 og 2019. Framlag vegna samstarfs um uppbyggingu innviða nam 20,0 m.kr. og var vegna áranna 2018 og 2019. Framlag vegna Grænfánaverkefnis nam 10,0 m.kr.

Endurskoðun rekstrartekna fór fram með greiningum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

### 4.2 Rekstrargjöld

#### 4.2.1 Laun og launatengd gjöld

Launagjöld námu 35,2 m.kr. árið 2019 og hækkuðu um 17,0 m.kr. frá fyrra ári. Laun tveggja starfsmanna ráðuneytis vegna tímabundins verkefnis nema 2,2 m.kr. en aðrar greiðslur eru vegna eftirfarandi nefndarstarfa: Áætlun um vernd og nýtingu landsvæða, Vernd Breiðafjarðar og Loftslagsráð.



Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

#### 4.2.2 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður nam 7,9 m.kr. og hækkaði um 4,8 m.kr. frá fyrra ári. Helstu kostnaðarliðir voru funda- og ferðakostnaður og önnur rekstrargjöld.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

#### 4.2.3 Aðkeypt þjónusta

Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu nam 234,5 m.kr. og hækkaði um 146,8 m.kr. frá fyrra ári. Helstu kostnaðarliðir eru sérfræðiþjónusta stofnana, háskóla og fyrirtækja, greiðsla til Rannís vegna umsýslu Loftlagssjóðs og kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna umsýslu loftslagsmála og rammaáætlunar um vernd og nýtingu landssvæða sem nam 24,7 m.kr. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytis var ekki gerður samningur um þessa kostnaðarhlutdeild þar sem að báðir fjárlagaliðirnir eru reknir á kennitölu ráðuneytisins og því yrði einungis um innbyrðis samning að ræða. Fjárhæðirnar byggja aftur á móti á mati á umfangi verkefnisins m.a. starfshlutfalli starfsmanna sem koma að verkefninu auk hlutdeildar í húsnæðis-, aðstöðu- og almennum kostnaði.

Endurskoðun fór fram með greiningum, fyrirspurnum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

#### 4.2.4 Til ríkisstofnana A-hluta

Framlög til ríkisstofnana í A-hluta námu 1.436,7 m.kr. á árinu 2019 en voru 747,3 árið áður og hækkuðu því um 689,4 m.kr.

Helstu framlög eru vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum og sértækra aðgerða til að draga úr losun auk greiðslu til Loftlagssjóðs nam 337,0 m.kr. og framlög vegna Landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sem nam 921,3 m.kr., framlög til Landsáætlunar byggja á lögum nr. 20/2016 en markmið laganna er að móta stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Er það gert með stefnumarkandi landsáætlun til 12 ára og innan hennar þriggja ára verkefnaáætlunar sem kynnt er fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Kostnaðarhlutdeild umhverfis- og auðlindaráðuneytis í rekstri verkefna og framlög til CAFF og PAME skrifstofa á Íslandi námu 16,9 m.kr. hvor skrifstofa. Greiðslur vegna kortlagningar jarðrænna auðlinda og Grænn ríkisrekstur – græn skref og grænt bókhald námu 20,9 m.kr. og Ýmis tímabundin verkefni námu 123,0 m.kr. sem eru m.a. rekstrarframlög til Skógræktar 10,0 m.kr., gjaldfærsla eftirstöðvar styrks vegna safnþróar á Hólasandi 72 m.kr. en búið er að greiða 108,0 m.kr. vegna verkefnisins og greiðsla til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna vöktunar náttúruverndarsvæða 31,9 m.kr.

Endurskoðun fór fram með fyrirspurnum, greiningum, rýni á samningum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

#### 4.2.5 Til sveitarfélaga

Framlög til sveitarfélaga námu 165,6 m.kr. á árinu 2019 en voru 6,1 m.kr. árið 2018 og hækkuðu því um 159,5 m.kr.

Helstu framlög eru vegna landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum sem nam 39,3 m.kr., framlög vegna Rammaáætlunar námu 2,3 m.kr. og styrkur til Skútustaðahrepps sem nam 108,0 m.kr. vegna undirbúnings og uppbyggingar safnþróar á Hólasandi.

Endurskoðun fór fram með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

#### **4.2.6 Til einstaklinga, samtaka og heimila**

Framlög til einstaklinga, samtaka og heimila námu 223,2 m.kr. árið 2019 en námu 152,0 m.kr. árið áður og hækkuðu því um 71,2 m.kr. Greiðslur af liðnum byggja á samningum, framlögum samkvæmt fjárlögum og auglýstum styrkjum.

Framlög til Skógræktarfélag Íslands námu 41,4 m.kr., framlög vegna auglýstra rekstrar- og verkefnastyrkja 35,3 m.kr., kortlagning jarðrænna auðlinda nam 20,0 m.kr., Katla jarðvangur nam 20,0 m.kr., Grænfánaverkefnið nam 24,0 m.kr., Loftslagsverkefni námu 13,0 m.kr., rekstrarstyrkir til m.a. Landverndar, skógræktarféлага, náttúruverndarsamtaka og annarra félagasamtaka námu 20,0 m.kr., Ýmis tímabundin verkefni s.s. til Rannsóknarstöðvarinnar á Rifi, Skógræktarinnar og Umhverfis- og auðlindaráðuneytis námu 46,4 m.kr. og af Ráðstöfunarfé ráðherra var úthlutað 3,0 m.kr.

Endurskoðun fór fram með fyrirspurnum, greiningum, rýni á samningum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

#### **4.2.7 Til erlendra aðila**

Framlög til erlendra aðila námu 22,0 m.kr. árið 2019 en voru 28,7 m.kr. árið 2018 og lækkuðu því um 6,7 m.kr. um er að ræða greiðslur til erlendra stofnana varðandi umhverfismál.

Endurskoðun fór fram með greiningum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

#### **4.3 Niðurstöður/ábendingar**

Við færslu rekstrargjalda er vel skráð hvað verið er að gjaldfæra og með fylgiskjölum tilvísanir í samninga eða aðrar samþykktir þar sem það á við. Greiðslur eru yfirfarnar og samþykktar af ábyrgðaraðilum.

## 5 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Í þús. kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
<b>Eignir</b>			
Ríkissjóður	1.360.782	652.705	708.077
Vörslufé		11.057	-11.057
<b>Eignir alls</b>	<b>1.360.782</b>	<b>663.763</b>	<b>697.020</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Höfuðstóll	121.163	216.516	-95.353
Tengdir aðilar	1.003.984	379.925	624.059
Viðskiptaskuldir	84.612	55.456	29.156
Ýmsar skammtímaskuldir	151.023	808	150.215
Vörslufé		11.057	-11.057
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>1.360.782</b>	<b>663.763</b>	<b>697.020</b>

### 5.1 Eignir

#### 5.1.1 Ríkissjóður

Staða gagnvart ríkissjóði nam 1.360,8 í árlök 2019 samanborið við 652,7 m.kr. í árslok 2018.

### 5.2 Eigið fé og skuldir

#### 5.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé fjárlagaliðarins nam 121,2 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 216,5 m.kr. í árslok 2018. Lækkun á eigið fé milli ára nam 95,4 m.kr. sem skýrist af 101,9 m.kr. tekjuhalla ársins og 6,5 m.kr. framlagi í lokafjárlögum.

#### 5.2.2 Tengdir aðilar

Staða vegna tengdra aðila nam 1.004,0 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 379,9 m.kr. í árlöks 2018 eða aukning um 624,1 m.kr. Um er að ræða skuldbindingar gagnvart ríkisstofnunum í A-hluta. Það sem af er þessu ári er búið að greiða 216,9 m.kr. af þessum skuldbindingum en flest verkefni eru til lengri tíma en eins árs.

#### 5.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 84,7 m.kr. í árlök 2019 samanborið við 55,5 m.kr. í árslok 2018 og hækkuðu um 29,2 m.kr. frá fyrra ári. Við bókun í fjárhagskerfi voru skuldastöður vegna tengdra aðila færðar sem viðskiptaskuldir í AP en leiðrétt við frágang ársreiknings. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2020 til greiðslu viðskiptaskulda yfirfarnar án athugasemda.

#### 5.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 151,0 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 0,8 m.kr. árið 2018 og hækkuðu um 150,2 m.kr. frá fyrra ári. Um er að ræða skuldbindingar gagnvart sveitarfélögum, einstaklingum og samtökum.

### 5.3 Niðurstöður/ábendingar

Skoðun efnahagsliða var án athugasemda.

## 6 Önnur atriði

### 6.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur fjárlagaliðar 14-190 Ýmis verkefni var samþykktur af ráðuneytisstjóra 15. september 2020.

### 6.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til ráðuneytis af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af ráðuneytisstjóra 15. september 2020.

### 6.3 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi fjárlagaliðarins fyrir árið 2019 og samkvæmt

upplýsingum í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi í tengslum við fjárlagaliðinn.

### 6.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun á fjárlagalið 14-190 Ýmis verkefni.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 448-8800

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)